



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 573

Aage Kristinn Pedersen

(1912-1961)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 573

Aage Kristinn Pedersen

Formáli

Aage Kristinn Pedersen var fæddur 4. júní 1912. Foreldrar hans voru þau Ágústa Finnbogadóttir og Niels Pedersen. Aage Kristinn kvæntist, 16. maí 1936, Rósu Jónsdóttur fædd 11. maí 1914 og eignuðust þau fjögur börn, Aðalstein, Hörð, Hrafnhildi og Hauk.

Aage Kristinn fæddist á Íslandi og ólst hér upp til um 10 ára aldurs, en fór þá til Danmerkur þar sem hann dvaldist fram undir tvítugt. Hann vann ýmis störf á yngri árum sigldi m.a. á erlendum kaupförum um skeið. Uppruni og eigin kynni af kjörum vinnandi fólks á kreppuárunum milli heimsstyrjaldanna mótuðu snemma þjóðfélagsskoðanir Aage Kristins. Hann skipaði sér ungur í raðir hinna róttæku stjórnmálasamtaka verkalýðsins og gekk í Sósíalistasflokkinn.

Aage Kristinn var kominn nokkuð á þrítugsaldur þegar hann hóf nám í múraraiðn og þá atvinnu stundaði hann síðan til ársins 1954. Síðustu árin vann Aage Kristinn í Kassagerð Reykjavíkur. Aage Kristinn Pedersen andaðist 16. desember 1961.

(Heimild: *Þjóðviljinn*, 22. desember 1961, bls. 7).

Afhending: Hörður Kristinsson 21. ágúst 2015.

Innihald: Meistarabréf, heillaskeyti, prófskírteini, skjöl vegna húsbyggingar, teikningar o.fl.

Tími: 1927-1989

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn 1927-1989.

Örk 1

Heillaóskaskeyti. Hamingjuóskir til Rósu Jónsdóttur og Kristins Petersen á brúðkaupsdegi þeirra 16. maí 1936.

Heillaóskaskeyti. Hamingjuóskir til Rósu Jónsdóttur með 50 ára afmælið, 11. maí 1964.

Heillaóskaskeyti. Hamingjuóskir til Rósu Jónsdóttur, 11. apríl 1965.

Heillaóskaskeyti. Hamingjuóskir til Rósu Jónsdóttur með 60 ára afmælið, 11. maí 1974.

Heillaóskaskeyti. Hamingjuóskir til Rósu Jónsdóttur með 70 ára afmælið, 11. maí 1984.

Heillaóskaskeyti. Hamingjuóskir til Rósu Jónsdóttur með 75 ára afmælið, 11. maí 1989.

Mynd úr dagblaði. Íslenska landsliði sem vann Svía og var nálægt því að fara langt í HM í Tékkóslóvakíu 1964. Þriðji frá vinstri í efri röð er Hörður Kristinsson.

Örk 2

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Aage Christen Petersen fær *Meistarabréf* í múrsmíði og hefur rétt til að taka nemendur í iðn sinni, 30. september 1946. Hann fékk sveinsbréf 27. ágúst 1943 og hefur síðan unnið að iðninni.

Borgarstjórinn í Reykjavík. Leigusamningur. Sveini Pálssyni og Þorgeiri Þórðarsyni er leigð lóð við Mávahlíð 9 til að byggja þar íbúðarhús, 24. nóvember 1945.

Tryggingabréf. Aage Kristinn Petersen o.fl. taka lán vegna húseignarinnar nr. 7 og 9 við Mávahlíð, 28. nóvember 1945.

Tryggingabréf. Aage Kristinn Pedersen o.fl. taka lán vegna húseignarinnar nr. 7 og 9 við Mávahlíð, 8. apríl 1946.

Veðskuldabréf. Jón Jónsson tekur lán með veði í kjallara húseignarinnar nr. 9 við Mávahlíð, 30. apríl 1946.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík. Samþykkir húseignina nr. 9 við Mávahlíð, en íbúð í kjallara hússins er án samþykkis, 4. júní 1946.

Almennar Tryggingar h/f. Brunatrygging húseignarinnar nr. 9 við Mávahlíð, 11. júní 1946.

Veðbókarvottorð. Vottorð um að húseignin Reynimelur 25 sé í eign Bárðar Ísleifssonar, 19. júní 1946.

Virðingargjörð. Húseignin nr. 9 við Mávahlíð metin, 21. júní 1946.

Umboð. Jón Jónsson veitir Sveini Pálssyni umboð til að taka lán í Landsbanka Íslands, 30. júní 1946.

Samþykkt. Rósa Jónsdóttir veitir samþykki til að Aage Kristinn Pedersen taki lán hjá Veðdeild Landsbanka Íslands, 30. júlí 1946.

Samþykkt. Þórny Þorsteinsdóttir veitir samþykki til að Sveinn Pálsson taki lán hjá Veðdeild Landsbanka Íslands, 30. júlí 1946.

Veðbókarvottorð. Vottorð um að húseignin nr. 9 við Mávahlíð sé í eigu Aage K. Pedersen o.fl., 31. júlí 1946.

Landsbanki Íslands. Veðdeildarlán Aage Kr. Pedersen o.fl., 1. ágúst 1946.

Landsbanki Íslands. Kvittun fyrir útgreiðslu veðdeildarláns til Aage Kr. Pedersen, 1. ágúst 1946.

Veðbókarvottorð. Vottorð um að húseignin nr. 9 við Mávahlíð sé í eigu Aabe Pedersen o.fl., 26. nóvember 1964.

Yfirlýsing. Eigendur húseignarinnar nr. 9 við Mávahlíð samþykkja að kjallaraíbúð verði leyst úr sameiginlegum veðböndum eignarinnar, 25. nóvember 1964, 2 eintök.

Beiðni Kristínar Guðmundsdóttur um að kjallaraíbúð hennar verði leyst úr sameiginlegum veðböndum húseignarinnar nr. 9 við Mávahlíð, 27. nóvember 1964.

Landsbanki Íslands. Veðbandslausn, kjallaraíbúð húseignarinnar nr. 9 við Mávahlíð leyst úr sameiginlegum veðböndum, 27. nóvember 1964.

Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar. Skuldabréf, Guðmunda Rósa Jónsdóttir fær lán í Lífeyrissjóðnum, 12. maí 1971.

Kaupsamningur. Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík selur Haraldi Benediktssyni húseignina 26 við Stigahlíð, 22. maí 1971.

Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar. Skuldabréf, Guðmunda Rósa Jónsdóttir tekur í Lífeyrissjóðnum,

8. maí 1973.

Veðbókarvottorð. Vottorð um að íbúð á 1. hæð í húseigninni nr. 26 við Stigahlíð er í eigu Byggingarfélags verkamanna, 14. júní 1977, 2 afrit.

Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnunnar. Skuldabréf, Guðmunda Rósa Jónsdóttir hefur fengið lán hjá Lífeyrissjóðnum, 29. júní 1977.

Afsal. Haraldur Benediktsson selur Guðmundu Rósu Jónsdóttur íbúð í húseigninni nr. 26 við Stigahíð, 18. ágúst 1977.

Skiptayfirlýsing. Samkomulag erfingja dánarbús Aage Kristins Pedersen, 23. desember 1977.

Örk 3

Jón Ívarsson og Aðalheiður Ólafsdóttir.

Heillaskeyti. Hamingjuóskir til Jóns Ívarssonar með 80 ára afmælið, 15. júní 1952.

Heillaskeyti. Hamingjuóskir til Aðalheiðar Ólafsdóttur með 70 ára afmælið, 14. apríl 1955.

Jóla- og nýársóskir til Aðalheiðar Ólafsdóttur, 1959.

Heillaskeyti. Hamingjuóskir til Aðalheiðar Ólafsdóttur með 75 ára afmælið, 14. apríl 1960.

Heillaskeyti. Hamingjuóskir til Aðalheiðar Ólafsdóttur á afmælisdaginn, 14. apríl 1963.

Heillaskeyti. Hamingjuóskir til Aðalheiðar Ólafsdóttur með 80 ára afmælið, 14. apríl 1965.

Heillaskeyti. Hamingjuóskir til Aðalheiðar Ólafsdóttur með 85 ára afmælið, 14. apríl 1970.

Teikningar merktar Aage Kristni Petersen úr lðnskóla, 1. bekkur A í desember 1939.

Teikningar merktar Aage Kristni Petersen úr lðnskóla, 2. bekk B.

Teikningar merktar Sigurði Backmann, II. bekkur C í mars og apríl 1927.

Skráð í september 2015
Gréta Björg Sörensdóttir